

Benedikt Geir Sveinbjörnsson
Víðivöllum
600 Akureyri

Reykjavík, 11. apríl 2024
UST202401-396/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Benedikts Geirs Sveinbjörnssonar, dagsett, 29. janúar 2024 með viðbótargögnum dagsett 18. mars 2024, um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð skv. [lögum nr. 97/2004](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Samkvæmt 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu skal leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til byggingar á 80 fm bílskúr á landi Arnarvatns 2. Teikningar af fyrirhugðum bílskúr ásamt korti sem sýnir staðsetningu hans fylgdi með umsókn. Bílskúrin yrði staðsettur við heimreið að íbúðarhúsi Arnarsvatns 2 og verða tvö bílastæði framan við hann. Bílastæðinn yrðu hellulögð eða steipt. Byggingin mun verða tengd við núverandi rotþró Arnarvatns 2. Bygging skúrsins myndi fara fram sumarið 2024.

Umsagnir:

Í samræmi við 17 gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 19. mars 2024 vegna framkvæmdarinnar. Engin umsögn barst frá Náttúruvannsóknarstöðinni við Mývatn. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 25. mars 2024. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að Náttúrufræðistofnun Íslands hafi kynnt sér málið og gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt enda framkvæmdin í góðri fjarlægð frá farvegi Arnarvatnsár og á landbúnaðarlandi.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á verndarsvæðið. Byggingarreiturinn er fyrirhugaður á þegar röskuðu svæði eða ræktuðu túni, skammt frá

Íbúðarhúsinu Arnarvatni 2 og rétt við heimreiðina sem verður samnýtt. Byggingin mun tengjast núverandi rotþró íbúðarhúss og lagnir munu liggja í túni. Sérfræðingur telur því að framkvæmdin muni ekki stefna náttúruvari eða verndargildi svæðisins í hættu sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Framkvæmdin er ekki talin hafa truflandi áhrif á gesti svæðisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Benedikt Geir Sveinbjörnssyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir byggingu bílskúrs innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Leyfi til framkvæmda

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Þess skal gætt að framkvæmdirnar séu í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskastog um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnutækjum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Dagbjört Jónsdóttir
svæðissérfræðingur